



Borgarráð

Fossvogsblettur 2 – Nýr leikskóli.

Kynnt er fyrir borgarráði niðurstaða samkeppnisviðræðna vegna uppbyggingar á nýjum 10 deilda leikskóla við Fossvogsblett 2. Leikskólinn verður 10 deildir og er ætlaður fyrir 200 börn. Verkefnið er hluti af verkefnum „Brúum bilið.“ Hönnun og framkvæmd að undanskilinni lóð verður á vegum verktaka. Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir haustið 2025 og áætlaður framkvæmdatími er 12 mánuðir.

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 2.000 m.kr.

Greinargerð:

Verkefnið var boðið út í samkeppnisviðræðum þar sem bjóðendur fóru fyrst í gegnum forval. Að forvali loknu hófust viðræður þar sem verkkaupi gat metið tillögur bjóðenda og komið fram með ábendingar. Að loknu viðræðuferli fór matsnefnd yfir tillögur bjóðenda og lagði mat á gæði þeirra. Tillögur voru metnar samkvæmt matslíkani þar sem gæði vega 70% á móti kostnaði sem vegur 30%.

Kostnaðarstaður: 3106.

Guðni Guðmundsson, staðgengill skrifstofustjóra
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Kynning



Fossvogsblettur Nýr leikskóli

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ




Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu nýs 2.185 m² leikskóla við Fossvogsblett.
- Byggingin er úr forsmíðuðum timbureiningum. Botnplatan er staðsteypt og koma einingarnar tilbúnar og eru settar saman á framkvæmdarstað.
- Leikskólinn verður 10 deilda og ætlaður fyrir 200 börn. Leikskólinn skiptist upp í þrjú heimasvæði eftir aldri barna.
 - Elsta stig – 72 börn
 - Miðstig – 60 börn
 - Yngsta stig – 68 börn
- Verkefnið var boðið út í samkeppnisviðræðum þar sem bjóðendur fóru fyrst í gegnum forval. Að forvali loknu hófust viðræður þar sem verkkaupi gat metið tillögur og komið með ábendingar. Að loknu viðræðuferli fór óháð matsnefnd yfir tillögur og lagði mat á gæði þeirra. Tillögur voru metnar samkvæmt matstöflu þar sem vægi gæða er 70% og vægi kostnaðar er 30%.
- Verktakinn K16 var hlutskarpastur í þessu vali.




Yfirlitsmynd






Afstöðumynd



AFSTAÐA mkv.1:500



REIST AFSTÖÐUMYND ÚR SUÐVESTRI mkv.1:300





Snið og ásýndir





Grunnmynd





Útlit





Innlit





Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 2 ma.kr. eða 915.332 kr. per. m² og 10 millj. kr. per. pláss.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir haust 2025.

Áætlaður framkvæmdatími er 12 mánuðir.



Reykjavík